



FUNDARGERÐ
17. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 5. júlí 2019
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Mannauðsmál skólanna - 1610046

Kostnaðargreining ofl.

Fyrir liggur frekari úrvinnsla á þeim hugmyndum sem ræddar voru á síðasta fundi stjórnar Odda bs. Tillaga er um að eftirfarandi gildi fyrir starfsmenn leikskóla Odda bs frá og með 1. ágúst n.k. og gildi 1 ár.

a. Akstursgreiðslur.

Leikskólastjórum verði heimilt að greiða fyrir akstur starfsmanna milli heimilis og vinnustaðar. Miðað verði við að vegalengd milli heimilis og skóla sé á bilinu 4-40 km. Greiddar verði 55 kr/km og miðað við þá starfsmenn sem eru að lágmarki í 50% starfi við leikskólann. Áætlað er að gera þurfi ráð fyrir viðbótarkostnaði sem nemur allt að 10 mkr á ári þ.a. 4 mkr á árinu 2019.

b. Líkamsræktarkort

Allir starfsmenn leikskólanna sem eru í a.m.k. 50% starfi fái árskort í líkamsrækt í Íþróttamiðstöðvum sveitarfélaganna og þetta fyrirkomulag gildi í 1 ár. Kostnaður er áætlaður 1.2 mkr á ári.

c. Jólafrí

Leikskólum verði lokað á milli jóla og nýárs 2019 og starfsmenn fái frí frá vinnu. Á haustfundi Odda bs verði gerð formleg breyting á skóladagatölum leikskólanna í samræmi við þetta. Þessi fyrirhugaða breyting verði kynnt sem fyrst.

Samþykkt samhljóða.

2. Gjaldskrá Odda bs 2019 - 1811036

Endurskoðun reglna varðandi afslátt af vistunargjöldum.

Fyrir liggur erindi frá foreldrafélagi Leikskólans á Lauglandi varðandi afslætti frá gjaldskrá þegar senda þarf börn heim vegna faliðunar starfsfólks.

Tillaga er um að gjöld verði felld niður þann tíma sem slík viðbragðsáætlun er í gildi

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'MHG', 'A.', and 'D.'

fyrir þau börn sem viðbragðsáætlunin snertir hverju sinni. Einnig verði gjöld felld niður fyrir þá daga sem leikskólum er lokað milli jóla og nýárs. Þess ber að geta að leikskólagjöldum hjá Odda bs er stillt mjög í hóf og eru með því lægsta sem þekkist á landinu og er innan við 10% af raunkostnaði sbr. viðmiðunargjald á landsvísu.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá fulltrúum E-lista - 1907010

Varðandi fundarsetu áheyrnarfulltrúa þegar trúnaðarmál eru tekin fyrir.

Lagt fram erindi frá E-lista Ásahrepps (EG,ES) varandi fundarsetu áheyrnarfulltrúa þegar um trúnaðarmál er að ræða. Tillaga er um að óska eftir skriflegu áliti frá stjórnsluendurskoðanda sveitarfélaganna sem lagt verði fram þegar það hefur borist.

Samþykkt samhljóða.

4. Skólaakstur - drög að reglum varðandi ökumenn - 1907007

Til umsaganr frá Sambandi Ísl. sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð yfirlésin og samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15.


Haraldur Eiríksson


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Ágúst Sigurðsson


Nanna Jónsdóttir
